

# Nýjungar í Sögu - Útgáfa 3.1.38.10

## Dagplan deildar

### Dagplan deildar

SAG-5070

Nú birtast ekki í dagplaninu þeir sjúklingar sem eru innritaðir fram í tímann og sjúklingar sem ekki eru staðfestir inn á deild. Gerðar voru breytingar á fyrirspurninni á bak við dagplanið sem gera það hraðvirkara.

## Eyðublað

### Eyðublað - TR-V endurhæfing (#71)

SAG-5133

Textinn "Tryggingastofnun greiðir lækni fyrir vottorðið" neðst á eyðublaðinu hefur verið fjarlægður.

## Eyðublöð (gaSheetModule)

### Forgangsheiti í úrlausnum

SAG-5097

Fleiri kóðar hafa nú verið skilgreindir sem forgangsheiti í úrlausnum. Um er að ræða kóða úr IC-P-PC og örfáa úr ATC.

## Mælingar (gaMeasurements)

### Mælingar - Geðkvarðar

SAG-5065

Nú kemur ekki lengur villa ef reynt er að skrá geðkvarða þar sem meðaltal heildar án áhættu er stærra en 0 en minna en 1.

## SagaWeb

### Skrá lífsmörk í Heilsugátt

SAG-5088

Búið er að laga villu í SagaWeb þegar verið er að skrá lífsmörk í gegnum Heilsugátt

## Sjúklingastika

### Snjókorð - Færsla gerð óvirk

SAG-5032

Nú er hægt að skrá skýringu þegar færsla er gerð óvirk sem er allt að 2000 stafir án þess að villa komi upp þegar ýtt er á Vista takkann í skráningarviðmóti snjókorðsins.

## Textasýn (WPF)

### Ný Textasýn - Persónuupplýsingar starfsmanna fjarlægðar

SAG-5072

Upplýsingar eins og kennitala, netfang, heimasíma- og farsímanúmer starfsmanna birtist ekki lengur í nýju textasýn.

## Ung- og smábarnavernd (gaChildrenObservation)

SAG-5037

**Afritun á milli spurningalista í Ung- og smábarnavernd**

Afritun á spurningalistum milli skoðana hefur verið lagfærð, en hún hætti að virka í útgáfu 3.1.38.1

**Vefþjónustur (external)**

SAG-4841

**ADT vefþjónusta fyrir Hrafnistu**

Nú er komin þjónusta fyrir Hrafnistu sem skilar ýmsum gögnum um virka sjúklinga eða útskrifaða sjúklinga ákveðið marga daga aftur í tímann.

**Vera (Fyrirspurnalag)**

SAG-4884

**Vera - Áætlun með afmörkun x-ta hver vika á ákveðnum vikudegi**

Stillingildi 2015 stjórnar því í afgreiðslukerfinu hvort að vika byrji á mánudegi eða sunnudegi. Nú tekur Vera mið af þessu stillingildi. Hægt er að setja stillingildi á deild en Vera tekur alltaf mið af default gildinu (almenn deild) fyrir stillingildið.

**Útskriftaráætlun**

SAG-5101

**Útskriftaráætlun og áætlaður útskriftardagur**

Villa í útskriftaráætlun hefur verið lagfærð. Hún lýsti sér í því að við sérstök skilyrði hreinsaðist útskriftaráætlunin ef áætluðum útskriftardegi í Legum/Lotum var breytt.